

Nd.

76. Frumvarp til laga

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. tl. 2. gr. hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu svo og þeir menn, sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 37.500. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a), b) og d)
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði c) og d)
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a) og b)
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a), b), c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. júlí s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sjö manna nefnd, sem fékk það hlutverk „að gera tillögur til ráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir aldrada, fyrst og fremst með hliðsjón af félagslegum og heilsufarslegum þörfum og sjónarmiðum.“ Var nefndarskipan þessi í samræmi við nefndarálit heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis (þingskjal 966 á 103. löggjafarþingi). Nefnd þessi hefur þegar tekið til starfa.

Einsýnt þykir að frumvarp það, sem umrædd nefnd mun skila af sér, gæti í fyrsta lagi öðlast gildi 1. janúar 1983, ef að lögum yrði, þar sem gildistökufræstur þarf að vera rúmur. Því er nauðsynlegt að framlengja heimild í gildandi lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra til innheimtu sérstaks gjalds af öllum skattskyldum mönnum, en álagningarheimild laga 49/1981 náði eingöngu til yfirstandandi árs. Í frumvarpi þessu er gjaldið tvöfaldað og er ástæðan sú, að betur má ef duga skal, því komið hefur í ljós að gera verður á næsta ári stærra átak í þessum málum en gildandi fjáröflunarleiðir gera kleift, eigi að þoka þeim í betra horf. Að sjálfsögðu verða ákvæðin um Framkvæmdasjóð aldraðra felld inn í frumvarp til laga um málefni aldraðra þegar þar að kemur.

Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir breytingum á 5. gr. gildandi laga um Framkvæmdasjóð aldraðra, því eins og ákvæðið hljóðar nú er ekki ótvírætt heimilt að veita framlög til bygginga hjúkrunarheimila og sjúkradeilda sem sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar standa fyrir.